

Nd.

51. Framvarp

til laga um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson
og Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Siglufjarðarkaupstaður skal vera sérstakt kjördæmi og kjósa einn alþingismann. Þegar þannig hefir bætzt við þingmaður, breytist tala þeirra þingmanna, er skipa neðri deild Alþingis.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Siglufjarðingar óska þess eindregið, að Siglufjörður verði gerður að sérstök kjördæmi og skilinn frá Eyjafjarðarsýslu. Er bæinn miðstöð sildarútvegs og þorskveiða á Norðurlandi og í öðrum vexti. Mannfjöldi var þar í árslok 1928 1760 og fjölgar um nálega 100 manns á ári. Mannfjöldinn er þó miklu meiri yfir sumartímann. Þessi 6 sérstök kjördæmi höfðu í árslok 1928 færri eða hér um bil sömu tölu íbúa: Seyðisfjörður 939, Mýrasýsla 1805, Dalasýsla 1737, Strandasýsla 1815, Austur-Skaftafellssýsla 1139, Vestur-Skaftafellssýsla 1824.

Innfluttar vorur til Siglufjarðar beint frá útlöndum árið 1926 voru 2305 þús. kr. og er þó mikið af erlendum vörum flutt frá Reykjavík, en úfluttar vorur

**voru 5739 þús. kr., og sýnir þetta, hversu mikil framleiðslumiðstöð Siglufjörður er, enda er verzlunarveltan álika mikil og á Akureyri og miklu meiri en í öðrum kaupstöðum landsins, sem eru nú allir sérstök kjördæmi, að Norðfirði nndan-
teknun. Atvinnulíf bæjarins er yfirleitt ólíkt sýslunnar, og eðlilegt, að þá sé sér-
stakur þingmaður fyrir bæinn.**